



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Flokks fólksins um að hvetja skóla til að innleiða heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna í skólastarf

Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hefur þegar hafist á Íslandi en forræði og utanumhald með eftirfylgd innleiðingar er á hendi verkefnastjórnar heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Verkefnastjórnin er leidd af forsætisráðuneytinu og skipuð fulltrúum allra ráðuneyta¹. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi². Forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk þess sem þeim markmiðum var forgangsraðað sem krefjast mestrar vinnu af hálfu stjórnvalda til að þeim megi ná fyrir árið 2030.

Þegar hafa allmörg sveitarfélög, skólar og stofnanir í opinberri þjónustu hafist handa við að innleiða og tengja starf sitt við heimsmarkmiðin. Sama má segja um skóla í Reykjavík en veggspjöldin sem minnst er á í tillögu Flokks fólksins er víða að sjá í skólum borgarinnar. Þá hefur fjórða heimsmarkmiðið um menntun fyrir alla hlotið sérstaka athygli. Þar segir að „*eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun*“. Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið var árið 2018 boðað til funda í öllum hverfum borgarinnar þar sem [úttekt Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á Íslandi](#) var kynnt og efnt til samtals um þróun skólastarfs á grundvelli úttektarinnar.

Menntastefna Reykjavíkur „[Látum draumana rætast](#)“ var samþykkt í borgarráði á afmælisdegi sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þann 20. nóvember 2018. Menntastefnan og þær almennu aðgerðir sem samþykkt var að ráðast í á næstu þremur árum, endurspeгла með mjög markvissum hætti þá grundvallarsýn sem birtist í úttekt Evrópumíðstöðvarinnar og um leið heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

¹ Sjá nánar

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/verkefnastjorn/>

² Sjá nánar <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b4fcb683-900e-11e8-942a-005056bc4d74>

Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkur er í forgrunni allrar starfsemi skóla- og frístundasviðs um þessar mundir. Meðal þess sem skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur unnið að á liðnum vikum, til að styðja við innleiðingu stefnunnar á starfsstöðum, er að þróa gátlista fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf sem byggja á grundvallarþáttum menntastefnunnar, leiðarljósum og framtíðarsýn. Gátlistarnir eru unnir upp úr efni sem varð til á þeim fjölda samráðsfunda sem haldnir voru í tengslum við [mótun menntastefnunnar](#). Auk þess er unnið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum skóla- og frístundastarfs. Í vinnunni við þróun gátlistanna var farið yfir forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar og skoðað hver af þeim markmiðum mætti tengja beint við skóla- og frístundastarf í borginni og áherslur menntastefnunnar. Atriði sem áttu vel við voru valin og þeim fléttað saman við gátlistana³.

Skóla- og frístundasvið telur mikilvægt að um leið og vakin sé athygli á heimsmarkmiðunum og starfsstaðir þess hvattir til að kynna sér þau og fylgja þeim eftir, sé leitað allra mögulegra leiða til að setja vinnu með menntastefnuna í forgrunn. Samhliða verði skoðað hvernig hægt er að dýpka þá vinnu smátt og smátt í tengslum við þær áskoranir sem blasa við í samfélags-, umhverfis- og tæknimálum á Íslandi m.a. með tengingu við heimsmarkmiðin, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og aðra samninga og stefnur.

³ Gátlistarnir hafa þegar verið sendir til allra stjórnenda en stefnt er að því að þeir verði gerðir aðgengilegir með rafrænum hætti í lok sumars